

Nd.

446. Lög

um viðauka við lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Afgreidd frá Nd. 3. júlí).

1. gr.

1. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, orðist þannig:

Pangað til öðruvisi er ákveðið, heimilast landsstjórninni að gera ráðstafanir þær til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Aftan við 3. tölulið 2. gr. sömu laga bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
Að banna innflutning á vörum til landsins, nema með leyfi stjórnarinnar, og ákveða, hve mikið skuli lagt á vöruna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.